

Seltjarnarnesi 30. júní 2014

Foreldraráð og Foreldrafélag Leikskóla Seltjarnarness  
Leikskóli Seltjarnarness v. Suðurströnd  
170 Seltjarnarnesi.

Svar við erindi Foreldraráðs og Foreldrafélags Leikskóla Seltjarnarness,  
dags. 30.04.2014.

Árlegur fundur fulltrúa í stjórnum foreldrafélags og foreldraráðs Leikskóla Seltjarnarness með bæjarstjóra, formanni skólanefndar og fræðslustjóra var haldinn fimmtudaginn 30. apríl sl. Fundinn sátu: Ásgerður Halldórsdóttir (bæjarstjóri), Sigrún Edda Jónsdóttir (form. skólanefndar), Baldur Pálsson (fræðslustjóri), Svana M. Davíðsdóttir (form. foreldraráðs), Haukur Hauksson (varaform.) Saga Ómarsdóttir (ritari) og f.h stjórnar foreldrafélags leikskólans Kristinn Ingvarsson og Sonja Bergmann.

Á umræddum fundi, þar sem skipst var á upplýsingum og skoðunum um leikskólamál og starfsemi Leikskóla Seltjarnarness, var lagt fram bréf til bæjarstjóra frá fulltrúum foreldraráðs og foreldrafélags LS, f.h. ráðsins og félagsins. Í umræddu bréfi voru tiltekin 13 atriði sem vakin var athygli á og óskað svara við. Umrædd atriði voru rædd á fundinum og ýmsum þeirra svarað eftir því sem kostur var, en í bréfi þessu er leitast við að veita frekari upplýsingar eða svör við umræddum atriðum.

### **1. Ástand úti- og innileiksvæða – athugasemdir eftirlitsaðila**

Á síðasta fundi foreldraráðs og foreldrafélags með bæjarstjóra, þann 30. maí 2013, var rætt sérstaklega um ástand úti- og innileiksvæða og athugasemdir eftirlitsaðila og mikil áhersla lögð á að farið yrði í tilteknar lagfæringar. Árangur af því samtalí var að mati félaganna góður að því leyti að fjarlægt var grindverk og steinrör sem hafði um árabil verið álitid hættulegt að mati eftirlitsaðila. Félögin telja rétt að þakka þau viðbrögð en jafnframt áréttu að þau telja ámælisvert hversu seint bæjarfélagið brást við athugasemdum eftirlitsaðilans. Óskað er eftir því að bæjarstjóri beiti sér fyrir því að slikt endurtaki sig ekki.

*Foreldraráði og foreldrafélagi er kunnugt um að heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis gerði úttekt á leiksvæði leikskólans í október sl. þar sem gerðar voru nokkrar athugasemdir, svo sem við*

*fallundirlag við rólur og two kofa („hús“), hlið vegna klemmihættu og slit í keðjum á rólum. Sjá nánar skýrslur eftirlitsaðila, dags. 18. október 2013. Gerð er krafa af hálfu eftirlitsaðila um að framangreind atriði verði lagfærð innan sex mánaða. Likt og áður hefur verið rætt er óskað eftir því að bæjarstjóri sjái til þess að framkvæmdar verði fullnægjandi lagfæringsar á útileiksvæði leikskólans í samræmi við ábendingar eftirlitsaðila, innan tímafresta, þannig að engar athugasemdir verði útistandandi. Hið sama gildi um það, komi til athugasemda varðandi innisvæði leikskólans. Leikskólinn verði ávallt rekinn með því markmiði að hann sé athugasemdaleus af hálfu eftirlitsaðila. Komi til þess að eftirlitsaðilar geri athugasemdir við atriði í tengslum við leikskólann, verði brugðist við því begar í stað og með fullnægjandi hætti. Vakin skal athygli á því að áður hafa verið gerðar athugasemdir af hálfu eftirlitsaðila sem og foreldraráðs og foreldrafélags við fallundirlag við rólur og fyrrgreinda two kofa án þess að brugðist hafi verið við með fullnægjandi hætti að mati eftirlitsaðilans. Raunar er það svo að eftirlitsaðilar virðast ítrekað gera athugasemdir við móhellu undir möl og telja því fallundirlag vera ófullnægjandi. Ábyrgð innra eftirlits rekstraraðila leikskólans er því mikil á að fylgjast vel með þessu og gera viðeigandi ráðstafanir þannig að þetta endurtaki sig ekki í sífelli. Foreldraráð og foreldrafélag gera kröfu um að komið verði í veg fyrir að síendurtekin tilvik af þessu tagi komi upp og óska eftir því að bæjarstjóri beiti sér fyrir því. Þá er jafnframt óskað eftir því að skýrslur eftirlitsaðila verði birtar opinberlega á heimasiðu leikskólans.*

*Foreldrar hafa ítrekað lýst yfir áhyggjum af trjádrumbum sem eru staðsettir á við og dreif á leiksvæðum leikskólans, iðulega í miðjum gangvegi á göngustígum. Ítrekað hefur sést til barna renna til og detta um þessa trjádrumba auk þess sem þeim er stundum raðað undir svæði þar sem börn klifra og geta fallið á þá. Af þeim getur stað mikil slysaðetta eins og eftirlitsaðilar hafa bent ítrekað á, sérstaklega ef þeir eru innan fallflata leiktækja. Sá tilgangur sem trjádrumbum hefur verið ætlaður, þ.e. að draga úr hraða hjóla barna á leiksvæðinu, getur ekki réttlætt tilvist þeirra á leiksvæðinu með vísan til augljósar slysaðettu. Réttast væri að setja varanlega tálma í umræddum tilgangi sem ekki skapa svo augljósa slysaðettu. Óskað er eftir því að umræddir trédrumbar verði alfarið fjarlægðir af göngustígum leikskólans. Sé talin ástæða til að hafa þá enn á leiksvæðinu er mælst til þess að það verði gert á afmörkuðu svæði þar sem þeir geta ekki skapað hættu einir og sér eða vegna afstöðu til annarra leiktækja eða á göngustígum, sé það mat aðila að um viðunandi „leiktaeki“ sé að ræða í þessum drumbum.*

*Þá er rétt að benda á að ýmis þeirra leiktækja sem komið hefur verið fyrir á Sólbrekkulóð leikskólans eru komin talsvert til ára sinna og rétt að huga að endurnýjun þeirra. Óskað er eftir því að það verði gert.*

Tekið skal fram að árleg aðalskoðun leiksvæðis er í höndum BSI á Íslandi, sem er faggildur úttektaraðili leiksvæða. Leiksvæði leikskólans voru tekin út skv. áætlun af BSI þann 31.10.2013. Brugðist hefur verið við öllum athugasemdum úttektaraðila í samræmi við ábendingar. Í skýrslu vegna eftirlits með leiksvæðum af hálfu Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, dags. 18.10.2013, komu fram nokkrar ábendingar sem brugðist hefur

verið við að mestu leyti. Strax var brugðist við athugasemnum varðandi fallundirlag við rólur með því að brjóta upp móhellu og bæta við öryggismöl. Öll öryggismöl á leiksvæðum leikskólans verður viðhaldið og endurnýjuð í sumar er leikskólanum lokar. Hlið hefur verið lagfært í samræmi við ábendingar. Bætt verður við fallflöt við kofa á meðan á sumarlokun stendur. Að beiðni foreldraráðs hafa trjádrumbar verið fjarlægðir af útisvæði leikskólans.

Skýrslur eftirlitsaðila verða framvegis birtar á heimasíðu bæjarins.

Við fjárhagsáætlun hvers árs er skoðað venjubundið viðhald á leiktækjum leikskólans og endurnýjað eftir þörfum.

## 2. Ástand húsnæðis Sólbrekku

Á síðasta fundi foreldraráðs og foreldrafélags með bæjarstjóra, þann. 30. maí sl., var óskað eftir því að bæjarstjóri beitti sér fyrir því að hafnar yrðu endurbætur á húsnæði Sólbrekku við leikskólanum en húsnæðið er komið vel til ára sinna og farið að láta verulega á sjá. Óskað var eftir því að húsnæðið yrði tekið út og áætlað hvaða úrbætur þurfi að gera til að koma því í viðunandi horf. Útbúin yrði verklýsing á því hvað gera skyldi og aðgerðir skv. henni tímasettar. Óskað var eftir því að félöginn yrðu upplýst um fyrirhugaðar áætlanir og tímasetningar í þessu sambandi. Í svari bæjarstjóra kom fram að viðhalðspör yrði metin í haust (síðastliðið haust) við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2014. Óskað er eftir upplýsingum um það hvað hafi komið út úr því mati og hvernig bæjarstjóri hyggst beita sér fyrir því viðunandi endurbótum.

Vakin er sérstök athygli á skoðunarskýrslu Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, dags. 18. mars 2014. Þar koma fram ýmsar athugasemdir sem eftirlitsaðilinn gerir við ástand Sólbrekku húsnæðisins sem mikilvægt er að brugðist verði við hið fyrsta. Óskað er eftir upplýsingum frá bæjarstjóra um hvernig hún hyggst bregðast við skýrslu eftirlitsaðilans og innan hvaða tímamarka. Þá er og gerð athugasemd við það að skoðunarskýrslur eftirlitsaðila skuli ekki birtar á heimasíðu leikskólans eða bæjarfélagsins og foreldrar upplýstir um niðurstöður þeirra. Óskað er eftir því að bæjarstjóri beiti sér fyrir því að slikt verði gert.

Kallað er eftir því að gerð verði langtímaáætlun um endurbætur á húsnæði leikskólans og að framtíðarstefna verði mótuð í húsnæðismálum leikskólans með tilliti til staðkunar hans vegna væntanlegrar fjölgunar barna í bæjarfélagini sem og yfirlýstrar stefnu bæjarstjóra um að taka á móti börnum strax að loknu fæðingarorlofi. Vakin er athygli á því að í sumum tilvikum er það við sex mánaða aldur barns eins og lögum er háttar í dag og reglum um fæðingarorlof. Óskað er eftir því að bæjarstjóri upplýsi um framangreind áform og marki skýra stefnu í málaflokknum hið fyrsta. Vakin er athygli á möguleika þess að byggja við húsnæðið í Mánabrekku eða koma upp aðstöðu fyrir leikskólanum t.d. við Vallarbraut þar sem gera mætti ráð fyrir ungbarnadeild.

Gerð hefur verið úttekt á húsnæði Sólbrekku og lagðar til viðhalðsframkvæmdir. Niðurstaða ástandskönnunar er að ástand húss er almennt gott, en engu að síður nauðsynlegt að ráðast í ákveðnar endurbætur og viðhalðsframkvæmdir. Sú vinna hófst

strax í byrjun árs með endurnýjun vatnslagna. Vinna sendur nú yfir og mun verða fram haldið nú í sumar, en þá verður ráðist í endurbætur bæði utandyra og innanhúss, m.a. með lagfæringum á útklæðningu, hurðum og gluggum auk þess sem skipt verður um loftklæðningu og öðru viðhaldi sinnt innan dyra. Ábendingar sem fram komu í skýrslu Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, dags. 18. mars 2014, um húsnaði Sólbrekku verður brugðist við þeim í þeirri vinnu sem nú stendur yfir.

Nýkjörin skólanefnd mun skoða og koma með tillögur að langtímaáætlun í húsnaðismálum fyrir leikskólaná á Seltjarnarnesi. Einnig mun nefndin skoða mismunandi útfærslur við inntöku barna eftir að fæðingarorlofi lýkur og vinna tillögur þ.a.l.

### 3. Brunavarnir

*EKKI LIGGUR LJÓST FYRIR HVORT GERÐAR HAFNA VERIÐ VIÐUNANDI LAGFÆRINGAR Á BRUNAVARNAKERFI HÚSNÆÐIS Í SÓLBREKKU. ÓSKAÐ ER EFTIR UPPLÝSINGUM UM STÖÐU ÞESS MÁLS.*

SHS gerði úttekt á eldvörnum í Sólbrekku desembermánuði 2013 og lagði í kjölfarið fram úttektarskýrslu. Strax var brugðist við öllum athugasemdum / ábendingum sem komu fram í skýrslunni með viðeigandi lagfæringum og prófunum á búnaði. Ástand brunavarna telst því fullnægjandi.

### 4. Hljóðvist

Á síðasta fundi foreldraráðs og foreldrafélags, þann 30. maí sl., var óskað eftir því að bæjarstjóri gerði ráðstafanir til að bæta úr hljóðvist í leikskólanum vegna mikils hávaða sem eðli málsins samkvæmt skapast í leikskólanum. Í kjölfarið fékk leikskólinn heimild til að kaupa mottur og hljóðeinangrandi dúka á borð eins og óskað var eftir og er það þakkar vert. Fram kom í erindi bæjarstjóra að fenginn yrði fagaðili til að gera úttekt á hljóðvist leikskólans á komandi hausti (síðastliðið haust) og að fræðslustjóra yrði falið að upplýsa stjórnir foreldrafélags og foreldraráðs leikskólans þegar úttektin lægi fyrir. Félögin hafa ekki enn verði upplýst um það af hálfu fræðslustjóra hvort slík úttekt hafi verið gerð og hver niðurstöðan hafi verið. Þess er óskað að bæjarstjóri upplýsi félögin um úttektina og niðurstöðu hennar, hafi hún verið gerð á annað borð.

Trivium ráðgjöf gerði ómtímamælingar 15. janúar 2014 á Leikskóla. Niðurstöður ómtímamælinga og samanburð við reglugerðarkröfur má sjá í eftifarandi töflu:

Mælistaður	Mældur ómtími T (sek)	Reglugerðarkrafa Flokkur C T(sek)	Reglugerðarkrafa Flokkur D T(sek)
<b>Sólbrekka</b>			
Salur	0,40	≤ 0,5	≤ 0,6
Bakki	0,28	≤ 0,5	≤ 0,6
Bjarg	0,31	≤ 0,5	≤ 0,6
<b>Mátabrekka</b>			
Salur	0,54	≤ 0,5	≤ 0,6

Mýri	0,44	$\leq 0,5$	$\leq 0,6$
Oddi	0,41	$\leq 0,5$	$\leq 0,6$
<b>Holt</b>			
Miðrými	0,86	$\leq 0,5$	$\leq 0,6$

Fram kemur í skýrslu að: „...aðstæður þ.e. hljómlengd týma, í Sólbrekku og Mánabrekku vel forsvaranlegar“. Þess ber að geta að mælingarnar voru gerðar áður en umbótum varðandi hljóðvist var að fullu lokið. Áfram verðu þó unnið að því að fylgja umbótum eftir með viðeigandi hætti og þá sérstaklega m.t.t. niðurstaðna mælinga Holti.

Í ljós kom að framleiðandi á hljóðeinangrandi dúkum á borð sem leikskólastjóri hafði pantað sl. haust höfðu enn ekki borist leikskólanum. (Bæjarstjóra hafði ekki borist það til eyrna).

### 5. Gerð skolanámskrár

*Leikskólastjóri hefur vakið athygli foreldraráðs og foreldrafélags á því að vinna við gerð skolanámskrár er á algeru frumstigi og hefur starfsmönnum skólans ekki gefist kostur á að vinna að gerð hennar vegna annarra starfa innan leikskólans. Ekki er séð fyrir endan á því hvernig ljúka megi við gerð námskrárinna á þessu ári að öllu óbreyttu. Óskað er eftir því að bæjarstjóri beiti sér fyrir aðgerðum sem gera starfsmönnum leikskólans kleift að standa við lögboðna skyldu um að ljúka við gerð skolanámskrár á árinu og senda hana til umsagnar foreldraráðs eins og lög um leikskóla kveða á um, sbr. 14. gr. laga nr. 90/2008.*

Fræðslustjóri upplýsti að gerð skolanámskrár hafi tafist verulega vegna þeirra aðstæðna sem komu upp sl. haust við opnun nýrrar leikskóladeildar og erfiðleika við mönnun leikskólans. Brugðist var við því með að auka talsvert tímamagn til afleysinga, m.a. til að auðvelda stjórnendum og starfsfólk að sinna umræddri vinnu. Fræðslustjóri upplýsti að skv. upplýsingum leikskólastjóra er nú góður gangur í þessari vinnu og stefnt er að því að námskrárgerð ljúki og innleiðing hefjist skólaárið 2014-2015.

### 6. Starfsmannamál

*Líkt og á síðasta fundi foreldraráðs og foreldrafélags með bæjarstjóra, þann 30. maí sl., er óskað eftir að bæjarstjóri beiti sér fyrir því að komið verði á kringumstæðum í tengslum við rekstur Leikskóla Seltjarnarness sem virka sem hvati fyrir einstaklinga með kennaramenntun til að sækja um starf við leikskólann. Með þessum hætti mætti stuðla að enn frekari þróun faglegs starfs innan leikskólans. Jafnframt að farið verði í aðgerðir til að stuðla að minni starfsmannaveltu innan skólans. Sérstaklega skal vakin athygli á þeirri stöðu sem kom í ljós í kjölfar vinnustaðakönnunar sem framkvæmd var meðal starfsmanna á leikskólanum nýlega og sýndi fram á mikla óánægju meðal starfsmanna um tiltekin mál. Það er mat foreldraráðs og foreldrafélags að brynt sé að veita umbótahóp sem settur var á laggirnar í kjölfarið allt það svigrúm sem þörf er á til að leita lausna á þeim vandamálum sem virðast vera til staðar. Óskað er eftir því að félögin verði upplýst um áætlanir bæjarstjórans í þessum efnum.*

Á fundinum spurðust fulltrúar foreldra fyrir um leiðir til að fá einstaklinga með kennaramenntun til að sækja um starf við leikskólann og aðgerðir til að stuðla að minni starfsmannaveltu innan skólans. Óskað var eftir því að félögin verði upplýst um áætlanir bæjarstjórans í þessum efnum. Því er til að svara að áfram verður leitast við að bæta starfsaðstæður og hlú að faglegu starfi skólans í því skini að auka starfsánægju og laða fagmenntað fólk til starfa. Talsverðar vonir eru bundnar við samstarf við Menntavísindasvið. Hí um nýja námstilhögun í leikskólafræðum og leikskólakennarafræðum og möguleikum sem felast í námi með starfi eða starfi með námi. Fjárhags- og launaneftnd Seltjarnarnesbæjar hefur einnig sent Kjaramálaneftnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hvatningu sína til þess að vinna að því að greiðsla fyrir hádegishlé, til handa starfsfólki leikskóla sem borðar með börnunum og verður þess vegna af hádegishléi, verði hluti af kjarasamningi sveitarfélaga við félög starfsfólks leikskóla í komandi samningagerð. Með slíkri breytingu á kjarasamningum ætti staða Seltjarnarnesbæjar að batna til muna í samkeppni um starfsfólk.

## 7. Aðföng, leiktæki og kennsluefni

Óskað var eftir því á síðasta fundi félaganna með bæjarstjóra, þann 30. maí sl., að bæjarstjóri beiti sér fyrir því að leikskólanum verði gert mögulegt að kaupa ný aðföng, leiktæki og kennsluefni sem tilheyrir eðlilegum rekstri og starfsemi leikskólans. Greint var frá því að leikskólanum hefur verið sniðinn mjög þróngur stakkur hvað varðar kaup á aðföngum síðustu ár og að komin sé upp veruleg uppsöfnuð þörf á endurnýjun á ýmsum hlutum þessu tengt. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2013 var einungis áætlað 588 þ.kr. fyrir leik- og kennsluefni auch bókakaupa fyrir allan leikskólann. Þrátt fyrir að fengist hafi viðbótarfjármagn til kaupa á aðföngum, leik- og kennsluefni á síðasta ári, dugar það ekki til. Því er á ný óskað eftir því að samþykktar verði óskir leikskólastjóra hvað varðar kaup á aðföngum, leik- og kennsluefni. Athygli er vakin á því að kaupa þarf ný leiktæki á yngstu deildina á Mánabrekku (Mýri) þar sem leiktæki þar henta ekki lengur þeim aldri sem þar er staðsettur enda yngstu börnin komin á aðra deild (Holt).

Síðastliðið haust voru keypt ýmis aðföng fyrir hálfa milljón. Leikskólastjóri hefur nú sett fram lista fyrir aðföng sem samþykkt hefur verið að kaupa fyrir næsta haust.

Einnig hafa verið keyptar Ipad tölvur fyrir leikskólann svo nú hefur hver deild eina slíka. Fræðslustjóri er að skoða samstarf við Skema um námskeið til handa starfsfólki um notkun spjaldtölva.

## 8. Úrræði fyrir yngstu börnin – leikskóli að loknu fæðingarorlofi – útileiksvæði á Holti

Foreldraráð og foreldrafélag óskuðu eftir því að síðasta fundi með bæjarstjóra, þann 30. maí sl. að bæjarstjóri beitti sér fyrir því að fundin yrðu úrræði fyrir yngstu börnin sem ekki höfðu enn fengið inngöngu á leikskólann og foreldra sem höfðu lokið fæðingarorlofi en nýttu sér ekki

*þjónustu dagforeldra. Í kjölfarið var stofnuð ný deild á leikskólanum, Holt, sem almennt er talið að hafi tekist mjög vel þótt ljóst sé að vinnan í kringum stofnunina og knappur tími til úrvinnslu hafi verið starfsmönnum leikskólans nánast yfirþyrmendi. Skal sú ráðstöfun þökkuð sérstaklega.*

*Á fundinum í maí var vakin athygli á því að fjölgun barna á Seltjarnarnesi muni væntanlega hafa þau áhrif að færri börn verði tekin inn á leikskólann úr röðum yngstu einstaklinganna, að öllu óbreyttu. Bæjarstjóri lýsti því yfir á fundinum og hefur lýst því yfir opinberlega síðar að hún telji að bæjarfélagið eigi að bjóða foreldrum þá þjónustu að veita börnum þeirra leikskólapláss þegar að fæðingarorlofi loknu, þ.e. við 9 mánaða aldur (í sumum tilvikum 6 mánaða). Óskað er eftir upplýsingum um það hvernig bæjarstjóri hyggst efna þessi losorð og innan hvaða tímamarka.*

*Jafnframt er vakin athyli á því að brýnt er að ráðist verði í talsverðar úrbætur á útileiksvæði við nýju deildina sé það ætlunin að hafa hana áfram staðsetta á þeim stað sem hún er núna. Þá er ljóst að anddyri deildarinnar er mjög þróngt og erfitt að athafna sig þar og krefst endurskipulagningar ef starfseminni er ætlað að vera þar eitthvað áfram.*

*Einnig hafa foreldrar lýst yfir áhyggjum af því hversu þung umferð er í kringum hina nýju ungbarnadeild á Holti m.a. vegna nálægðar við Grunnskóla Seltjarnarness. Hugsanleg lausn á þeim vanda væri „sleppitor“ við Grunnskólann, þannig að ekki þurfi að aka framhjá kirkjunni eins og bent hefur verið á m.a. í vinnu í tengslum við gerð umferðaröryggisáætlunar Seltjarnarnesbæjar sem nú er í vinnslu. Jafnframt hafa foreldrar bent á slæmt ástand í bílastæðamálum í tengslum við íþróttaiðkun leikskólabarna hjá Gróttu. Það sama umræðuefni hefur verið til skoðunar í fyrrgreindri umferðaröryggisáætlun. Óskað er eftir afstöðu bæjarstjóra til lausnar á framangreindum vanda.*

Í ágúst nk. verða tekin inn börn á yngstu deildina í Holti frá 14 mánaða aldri.

Útisvæði við Holt verður skoðað í sumar, en bent skal á að einnig er farið með börn úr í heimsóknir á Mánabrekku og leiksvæðið þar notað.

Frá næstu áramótum verður greiðsla til foreldra sem nota þjónustu dagforeldra hækkuð. Í sambandi við umferðina við bílastæðamál við íþróttahús er því til að svara að ný umferðaröryggisáætlun var samþykkt í sl. mánuði, og unnið verður að úrbótum í sumar.

## **9. Vistunartími leikskólabarna**

*Foreldrar hafa óskað eftir því að skoðað verði hvort unnt sé að lengja opnunartíma leikskólans og hafa hann opinn frá kl. 7:30-17:30 til samræmis við opnunartíma leikskóla hjá Reykjavíkurborg. Jafnframt verði hámark á vistunartíma hvers barns miðaður við 9 klst. á dag. Þetta væri gert til að koma til móts við foreldra sem þurfa að keyra langar vegalengdir úr vinnu til leikskóla en þurfa jafnframt að skila 8 klst. vinnudegi á vinnustað sínum. Oft á tíðum eru foreldrar í miklu kapphláupi við tímann til að þetta gangi upp. Óskað er eftir afstöðu bæjarstjóra til þessa.*

Ákveðið hefur verið að fela nýkjörinn skólanefnd að gera könnun könnun meðal foreldra nú í haust um þörf fyrir lengdan opnunartíma og þau mál skoðuð m.t.t. þess sem niðurstöður leiða í ljós.

#### **10. Samstarf við Sundlaug Seltjarnarness**

Óskað var eftir því á síðasta fundi með bæjarstjóra, þann 30. maí sl., að bæjarstjóri beitti sér fyrir því að komið verði á samstarfi við Sundlaug Seltjarnarness þannig að öllum börnum í eldri deildum verði boðin sundkennsla sem undirbúningur fyrir grunnskólanám þar sem sundkennsla hefst með reglubundnum hætti. Börnunum verði fylgt í og úr sundlaug eins og gert hefur verið í samstarfi við Íþróttaskólann. Samkvæmt upplýsingum bæjarstjóra var fræðslustjóra falið að kanna möguleikann á því að koma á sliku skipulagi auk þess sem fram kom að ákveðið hefði verið að sundnámskeið verði skipulögð á starfstíma „Sumarskólans“ á komandi sumri. Að gefnu tilefni skal minnt á þetta fyrirkomulag svo ekki komi til þess nú eins og gerðist í fyrra að farið verði of seint af stað og framkvæmdin því ómöguleg. Óskað er eftir því að bæjarstjóri gangi eftir því að þetta geti gengið eftir.

Tekið var mjög jákvætt í ábendingu foreldrafélagsins. Í sumar verða í boði sundnámskeið eins og óskað var eftir, sundkennari hefur þegar verið ráðinn til starfans.

#### **11. Efni á heimasíðu bæjarfélagsins á erlendum tungumálum**

Á fundi foreldraráðs og foreldrafélags með bæjarstjóra, þann 30. maí sl., var rætt um möguleikann á því að koma upp efni á heimasíðu bæjarfélagsins á erlendum tungumálum til upplýsingar fyrir þá foreldra sem eru af erlendum uppruna og eiga í vandræðum með að skilja íslensku. Bæjarstjóri upplýsti um það að fræðslufulltrúa yrði falið að fylgja eftir gerð kynningarrefnis á ensku er varðar hagnýtar upplýsingar um starfsemi leikskólans. Óskað er eftir upplýsingum um stöðu þessa verkefnis og hvort efni hefur verið sett inn á heimasíðuna framangreindum aðilum til upplýsingar. Hafi það ekki verið gert er óskað eftir upplýsingum um það hvenær sé fyrirhugað að setja slikar upplýsingar á heimasíðuna.

Í samráði við Reykjavíkurborg hefur fræðslustjóri tekið saman texta í bækling m.t.t. Leikskóla Seltjarnarness á ensku og pólsku og ætti það að vera aðgengilegt á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar og leikskólans nú í haust.

#### **12. Gerð öryggishandbókar**

Í svari bæjarstjóra við bréfi foreldraráðs og foreldrafélags, dags. 18. september 2013, í kjölfar fundar félaganna með bæjarstjóra 30. maí sl., kom fram að skipaður hafi verið starfshópur til að vinna að gerð öryggishandbókar fyrir leikskólann. Vakin skal athygli á því að gerð umræddrar öryggishandbókar er hvergi nærri lokið og hefur starfshópurinn ekki verið kallaður saman um

*langa hríð. Ekki verður því séð hver staðan er eða hvort bæjarfélagið hyggst ljúka þessu starfi eða hvaða tímamörk það hefur gefið sér í þessum efnunum. Óskað er upplýsinga um stöðu verkefnisins sem og því að bæjarstjóri beiti sér fyrir því að vinnu við gerð handbókarinnar verði lokið en leikskólanum er skylt að láta útbúa slíka handbók lögum samkvæmt.*

Fræðslustjóri upplýsti að menntamálaráðuneytið hefur nú sent út ný drög að *Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum* til umsagnar. Stefnt er að því að fullgerð öryggishandbók fyrir Leikskóla Seltjarnarness verði unnin í samræmi við útgefnar leiðbeiningar ráðuneytisins og kynnt foreldrum og starfsfólk við upphaf næsta skólaárs eða strax og leiðbeiningarnar liggja fyrir frá ráðuneytinu.

### **13. Hjóla- og kerruskýli**

*Óskað er eftir því að skoðað verði hvort unnt sé að koma upp hjóla- og kerruskýli á lóð leikskólans til að skýla hjólum og kerrum sem foreldrar þurfa oft á tíðum að skilja eftir á lóð leikskólans. Slik framkvæmd yrði til að stuðla að og hvetja til umhverfisvænni ferðamáta foreldra og barna til og frá leikskóla. Benda má á svæði við Mánabrekku sem þegar er afgirt, vinstra megin við hliðið þegar gengið er inn á leiksvæðið.*

Bæjarstjóri hefur vísað fyrirspurn foreldrafélagsins til skipulags- og umferðarnendar til skoðunar.

— — —

Bæjarstjóri vill nota tækifærið og þakka aftur fyrir mjög málefnalegen og góðan fund. Undirrituð mun beita sér fyrir framangreindum aðgerðum í þágu leikskólastarfs Leikskóla Seltjarnarness, bæjarfélaginu, börnunum sem þar búa, foreldrum þeirra og starfsfólk leikskólans til hagsbóta.

Ég vil enn og aftur óska áfram eftir góðu samstarfi við foreldraráð og foreldrafélagið hér eftir sem hingað til.

Bréf sent á netfangið eidismyri1@gmail.com.

Virðingarfyllst,  
f.h. Seltjarnarnesbæjar.

  
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri.

